



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um úttekt á aðgengi á göngubverunum hjá Hörpu (US210276).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 29. september sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fyrirspurn í tengslum við tillögu meirihlutans að gera úttekt á aðgengi á göngubverunum í borginni. Í þessu sambandi vill fulltrúi Flokks fólksins spyrja hvort búið sé að stilla gönguljósinn mótis við Hörpu sem loguðu án tillits til hvort einhver hafði ýtt á gönguljósahnappinn? Flokkur fólksins lagði til árið 2020 að slökkt verði á gönguljósum mótis við Hörpu sem loga reglulega þótt enginn ýti á gönguljósahnappinn. Ekki er vitað um afdrif þeirrar tillögu. Í greinargerð með tillögunni kom fram sú ábendinga að þessi ljós ættu að vera í samhengi við ljósin á undan, ásamt gönguljósunum, en það virtist ekki vera og þess vegna myndast raðir að óþörfu. Um 40 metrum eftir gatnamótin frá Hörpu eru tvær göngubveranir norðan megin götunnar, sem sameinast í eina við Seðlabankann. Önnur er án ljósa en hin með gönguljósum, þar sem er rofabox fyrir gangandi til að kalla fram skiptingu. Síðari göngubverunin með ljósastýringunni var lokuð með steinagirðingu og gönguljósinn stillt á tíma þannig að rautt ljós kemur á umferðina með reglulegu þétu millibili án þess að nokkur gangandi maður ýti á takkann, auk þess að þverunin er lokuð. Á þessum ljósum hlýtur að þurfa að slökkva og kannski er búið að því?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 13. október sl.

Svar við fyrirspurn:

Vegna uppbyggingar á svæðinu var tímabundnum umferðarljósum komið fyrir við útkeyrslu af vinnusvæði við götuna. Tímabundnu umferðarljósin voru tengd við skynjara sem kallaði eftir grænu ljósi þegar ökutæki ók út af vinnusvæðinu en gaf rautt ljós á aðalstefnu.

Til bráðabirgða voru tímabundnu umferðarljósin einnig tengd við umrædd gönguljós, á þann hátt að umferð út af vinnusvæðinu og gangandi vegfarendur fengu alltaf grænt ljós á sama tíma. Þannig orsakaði akstur út af vinnusvæðinu grænt ljós fyrir gangandi vegfarendur og hnappur fyrir gangandi vegfarendur kallaði eftir grænu ljósi fyrir umferð frá vinnusvæðinu.



Búið er að afnema þessa tímabundnu samtengingu, svo ekki kemur lengur grænt ljós fyrir gangandi vegfarendur þegar ökutæki ekur út af vinnusvæðinu.

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri